

# Flestir bátanna til Siglufjarðar með loðnuna í gær

LOÐNUSKIPIN 17 sem í fyrrakvöld fengu mjög góðan afla á loðnumiðunum fyrir Norðurlandi héldu í gær til hafna með aflann.

Tólf skip fóru til Siglufjarðar, þrjú til Raufarhafnar, eitt til Krossaness og eitt til Bolungarvíkur.

Þrjú skip voru eftir á miðunum, en þau komu þangað og byrjuðu að veiða í fyrrinótt.

Markús Kristinsson verk-

smiðjustjóri hjá SR í Siglufirði sagði í gær í samtali við Mbl. að vinnslan gengi sæmilega vel hjá þeim og allt væri í fullum gangi. Afköstin væru um 900 tonn á sólarhring, sem kalla mætti nokkuð gott. Nú er búið að landa um 30 þúsund tonnum af loðnu í Siglufirði og búið að bræða um 28—29 þúsund tonn. Aðeins eitt loðnulöndunartæki er til staðar í Siglufirði og myndast því oft nokkur bið, ef margir bátar koma að á svipuðum tíma, en meðalafköst í lönduninni eru um 70 tonn á klukkustund. Í gær var von á um 4000 tonnum af loðnu til Siglufjarðar.

## Nýi sendiherrann til Íslands 2. september

JAMES J. Blake, nýr sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi, er væntanlegur hingað til lands 2. september n.k.

Blake er fæddur 5. marz 1922 í New York og stundaði háskólánám í Queen's Coolege og George Washington háskólanum, þar sem hann lauk MA prófi árið 1963. Hann gegndi þjónustu í bandaríska hernum 1943—46 og kenndi við Kennaraskóla í Nebraska 1946—47. Störf sín í utanríkisþjónustu Bandaríkjanna hóf Blake árið 1947. Hann hefur starfað í Belgíu, Indlandi og sem fulltrúi í varnarmálaráðuneyti Bandaríkjanna. Þá hefur Blake einnig starfað í Afríku. Hann er



kvæntur og eiga hjónin 4 börn, en það yngsta mun fylgja foreldrum sínum hingað, hin eru við nám í heimalandi sínu.

Meðfylgjandi mynd sýnir James Blake sverja embættiseið sinn við Biblíuna og við hlið hans stendur frú Blake.

## Nýtt sölumet hjá brezkum togara

Hull 26. ág. Frá fréttaritara Mbl. Mike Smart GRIMSBY-togarinn Ross Revenge í eigu BUT, setti nýtt sölumet á fiskmarkaði í Hull í dag, er hann seldi þar 200 tonn, að mestu þorsk af Íslandsmiðum, fyrir 24.796.800,- ísl kr.

Fyrra sölumetið átti Hull togarinn Hammond Innes, en skipstjóri á honum hef-

ur iðulega verið Dick Taylor, sem margir Íslendingar kannast við.

Talsmaður brezku togarasamtakanna sagði eftir sölu Ross Revenge í morgun, að verið sýndi líklegast að skilmálar Óslóarsamningsins milli Íslendinga og Breta væru byrjaðir að hafa áhrif.

## Vatnafræðingar streyma til landsins

ÞING norrænna vatnafræðinga verður haldið í Reykjavík dagana 28. ágúst til 2. september n.k. að Hótel Loftleiðum. Norðurlönd hafa haft töluverða samvinnu sín á milli í vatnafræði undanfarin ár og var sú samvinna að hluta til skipulögð innan alþjóðasamstarfs UNESCO, sem byrjaði með IHD (International Hydrological Decade) Alþjóðlegum áratug vatnafræðinnar 1964—74, sem nú hefur verið áfram haldið með IHP, International Hydrological

Programme og NHF, Nordisk Hydrologisk Forening, félagi norrænna vatnafræðinga, sem heldur ofanefnt þing. Á þinginu verða rúmlega 170 þátttakendur, þar af 130 erlendir. Þar verða lagðar fram 54 ritgerðir, 9 þeirra Íslenskar. Þingið verður í tveimur hlutum og fjallar annar um meðferð og notkun vatnafræðilegra upplýsinga en hinn um vatnafræðileg umhverfissjónarmið. Að þinginu loknu fara þátttakendur í 3 daga ferð um Suðurland.





## Mikið um dýrðir að Kjarvalsstöðum

SKÚLPTÚR, vefnaður, glermyndir, keramik, olfmyndir, kítarmyndir, teikningar, grafíkmyndir. . . Félag Íslenskra myndlistarmanna hefur haldið innreið sína á Kjarvalsstaði á ný eftir langt hlé. Haustsýningin verður opnuð á laugardag, 28. ágúst kl. 15.

### Vandlát sýningarnefnd

Sýningarnefndinni bærust að þessu sinni um 300 verk



eyki flytur verk eftir Íslensk og erlend tónskáld við opnun og tvisvar síðar á sýningar-tímanum. Þá verða sýndar kvikmyndir um heimsþekktu erlenda listamenn og þeirra verk. Meðal þeirra má nefna Oldenburg, Francis Bacon, Picasso, Braques og Andy Warhol. Þessar kvikmynda-sýningar verða nánar auglýstar síðar.

Haustsýningin verður opin frá 28. ágúst til 12. september, laugardaga og sunnudaga frá kl. 14—22, aðra daga kl. 16—22. Sýningin verður lokuð á mánudögum.

en tæplega helmingur þeirra var tekinn á sýninguna. Eins og að ofan segir, eru myndverk af ýmsum gerðum á sýningunni, en alls eiga 48 listamenn þar verk. Sjö þeirra sýna nú í fyrsta sinn á Haustsýningu, en það eru þau Ómar Skúlason, Kristján Kristjánsson, Þórður Hall, Jón Örn Ásbjörnsson, Gísli Guðmann, Haukur Dór og Salome Fannberg.

### Par að auki. . .

Sú nýbreytni verður tekin upp á þessari Haustsýningu, að á sýningartímum verða tónleikar og kvikmyndasýningar. Söngflokkurinn Hljóm-

